

Lög um hjálpssemi

Afi minn fór á honum Rauð

Afi minn fór á honum Rauð,
eitthvað suður á bæi,
Sækja bæði sykur og brauð,
sitt af hvoru tagi.

Berjaför

Litli Sigg, litla Sigga
löbbruðu út í mó.
Bæði ber að tína
í berjafötu sína.
Það var gaman, það var gaman.
Hopp og hæ og hó.

Litli Sigg, litli Sigga
Litla þúfu fann.
Blessuð berin ljúfu
byrgðu alla þúfu.
Eitt af öðru, eitt af öðru
upp í munninn rann.

Allur matur

Allur matur á að fara
upp í munn og ofan í maga.
Heyrið það, heyrið það!
Svo ekki gauli garnirnar.

Litli Sigg, litli Sigga
lítinn bolla sá.
En sá litaljóminn
Litlu fögru blómin.
Þau ég tíni, þau ég tíni,
Þau skal mamma fá.

Heim þau gengu, heim þau gengu
heldur kát og rjóð.
Buðu ber að smakka
börnunum allir þakka.
Allir segja, allir segja:
ógn eru berin góð.

Bráðum fæðast lítil lömb

Bráðum fæðast lítil lömb,

leika sér og hoppa.

Með lítinn munn og litla vömb,

lambgrasið kroppa.

Við skulum koma og klappa þeim

kvölds og bjartar nætur,

reka þau í húsin heim

hvít með gula fætur

Fuglarnir sem flýðu í haust

fara að koma bráðum.

Syngja þeir með sætri raust,

sveifla vængjum báðum.

Við skulum hlæja og heilsa þeim

hjartans glöð og fegin,

þegar þeir koma þreyttir heim

þúsund mílna veginn.

Gleraugun hans afa

Til himins upp hann afa fór,

en ekkert þar hann sér

Því gleraugunum gleymdi hann

í glugganum hjá mér.

Hann sér ei neitt á bréf né bók

né blöðin sem hann fær.

Hann fer í öfug fötin sín

svo fólkið uppi hlær.

Þótt Biblíuna hafi hann

sem hæst í skápnunum er,

hann finnur ekki augun sín

og enga línu sér.

Á himnum stúlka engin er

hjá afa, lík og ég,

sem finni stafinn fyrir hann

og fylgi út á veg.

Komdu kisa mín

Komdu kisa mín

kló er falleg þín

og grátt þitt gamla trýn.

Mikið malar þú,

mér það líkar nú.

Víst ert þú vænsta hjú.

Banar margri mús,

mitt þú friðar hús,

ekki er í þér lús,

oft þú spilar brús.

Undrasniðug, létt og liðug,

leikur bæði snör og fús.

Við skulum drekka dús.

Mamma borgar

Á kaupmanninn rétt við búðarborðið,

Svo brosfögur horfði Stína

„Ég ætlaði bara að kaupa klæði,

í kjól á brúðuna mína“

„Og hvaða lit viltu“ ljúfur sagði hann,

„á litlu brúðuna þína?“

„Hvað! auðvitað rauðan, ósköp rauðan!“

Með ákafa svaraði Stína.

Hann brosandí fór og klippti klæðið.

„Hvað kostar það?“ spurði Stína.

„Einn koss!“ hann svaraði, „kostar klæðið

í kjól á brúðuna þína.“

Í búðinni glumdi við gleðihlátur,

er glaðlega svaraði Stína:

„Hún mamma kemur í bæinn bráðum

og borgar skuldina mína.“